



Starfsemi Regnbogans

Samantekt 2017-18
Starfsáætlun 2018-2019

Regnboginn

Regnboginn er sjálfstætt rekinn leikskóli að Bleikjukvísl 10, í Reykjavík. Deildir skólans eru þrjár, fyrir börn frá 1 - 6 ára eða til upphafs grunnskólagöngu. Lóðin er skjólgóð og í nágrenni skólans er eitt besta útivistarsvæði sem finna má innan borgarmarkanna eða sjálfur Elliðaárdalurinn. Dalurinn er óspart notaður til útivistar, rannsókna á lífríki dalsins og til að leika, skynja, nema og njóta.

Nám barnanna hvílir á stoðum Aðalnámskrár leikskóla og einnig er horft til hugmyndafræði sem kennd er við Loris Malaguzzi frá Reggio Emilia á norður Ítalíu, oftast bara kölluð Reggio-stefnan. Stefnan grundvallast á þeirri sýn að öll börn séu máttug, frjó og mikilhæf, með fjölbreytta hæfileika og eigindir og að það sé hlutverk foreldra og kennara að skapa börnum námsumhverfi svo hæfileikar og færni hvers barns blómstri. Regnboginn hefur frá upphafi verið í samstarfi við aðra Reggíóskóla á Íslandi og flestir kennarar skólans hafa sótt endurmenntun við Loris Malaguzzi International Instituted í Reggio Emilia. Markmið Regnbogans er að barnið öðlist:

Góðan almennan þroska og tilfinningalega færni

Hæfni í samskiptum og skapandi færni

Sterka sjálfsvitund og sjálfsaga

Frjálsa og frjóa hugsun.

Við teljum að ofantalin markmið séu grundvöllur þess að börn verði hamingjusamir einstaklingar með færni til að takast á við formlegra nám síðar meir og til að vera skapandi frumkvöðlar í lífi og starfi.



Útskriftarhópurinn 2018

Árgangur 2012, kennarar þeirra og skólastjórnendur.

Leiðarljós Regnbogans

*Að hvert barn er frjótt og mikilhæft með eigin getu, löngun og fjölbreyttar eigindir
til að tileinka sér færni og þekkingu.*

Efnisyfirlit:

Regnboginn	2
Leiðarljós leikskólans	3
Um starfsáætlanir leikskóla	5
1. Greinagerð leikskólastjóra um starf Regnbogans	6
2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun:	8
2.1 Innra mat leikskólans	
2.2 Ytra mat	
2.3 Matsáætlun	
3. Áherslur í starfi leikskólans:	11
<i>Tilfinningalega styðjandi umhverfi / Mál- og lesþroski / Skapandi starf</i>	
4. Grundvöllur starfs – umbætur	13
4.1 Málþroski, læsi og lesskilningur	
4.2 Verk-, tækni- og listnám	
4.3 Stærðfræðilegt læsi	
4.4 Læsi á náttúruna og umhverfið	
4.5 Könnunarleikur „tækninám litlu barnanna“	
4.6 Lýðræði, jafnrétti, mannréttindi og fjölmenning	
5. Skólamenning og hefðir /Gæði og fagmennska	18
6. Starfsmannamál:	27
6.1 Starfsmannahópurinn 2017-18	
6.2 Starfsþróunarsamtöl	
6.4 Símenntun frá síðasta ári (námskeið, ráðstefnur o.fl.)	
6.5 Áætlun um símenntun	
7. Aðrar upplýsingar:	30
7.1 Barnahópurinn 1. júní	
7.2 Talmeinaþjónusta	
7.3 Foreldrasamvinna	
7.4 Samstarf leik- og grunnskóla	
7.5 Skipulagsdagar	
7.6 Heimasíða	
7.7 Lokaorð skólastjóra	
7.8 Umsögn foreldraráðs	
8. Fylgiskjöl:	
8.1 Skóladagatal 2018-2019	
8.2 Foreldra- og skólaráð 2017-2018	
8.3 Samstarfsáætlun leik- og grunnskóla 2018-2019	
8.4 Umsögn foreldraráðs	

Skýrslan ásamt fylgigögnum eru send sem pdf skjöl með netpósti

Um starfsáætlanir leikskóla

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá fyrir leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram. Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birta skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum og áætlun um hvernig þau verða metin.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir komandi starfsár.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og er skilað rafrænt til Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla- og frístundaráð til samþykktar.

1. Greinargerð skólastjóra um starf Regnbogans

(s.s. hvað einkenndi árið, starfsmannahald, helstu verkefni, viðburðir o.fl.)

Hlutverk okkar sem í leikskólanum starfa er að skapa börnum skólans tilfinningalega styðjandi umhverfi og góðar aðstæður til leikja og uppgötvunarnáms í samvinnu og sátt við fjölskyldur barnanna. Við lítum þannig á að öll börn séu máttug og mikilhæf með fjölbreyttar eigindir og hæfileika til þroska eðlisþætti sína og færni. Okkar er að skapa þeim þær aðstæður.

Einkunnarorð skólans eru:

Börn eru merkilegt fólk

Leikskólastarf í Regnboganum:

Skólastarfrið byggir m.a. á rannsakandi vinnubrögðum, uppgötvunarnámi og úrvinnslu sem myndar eins konar flæði og tekur yfir lengri eða skemmri tíma hverju sinni. Framvinda uppeldis og menntunar tekur mið af áhuga og virkni barnanna og hvert tilraunir þeirra og uppgötvunir leiða okkur. Námskrá Regnbogans er svo kölluð *fljótandi námskrá* (emergent curriculum) því er ekki hægt að kynna nákvæma starfsáætlun fyrirfram, einungis að gera grein fyrir áherslum og vinnubrögðum. Ferlið sjálft eða framvindan (sem við köllum ekki áætlun) verður til fyrir áhugahvöt barnanna hverju sinni sem er upphaf og endir alls náms. Kennarar og starfslið skapa börnum hvetjandi námsumhverfi til að styðja og virkja áhugahvöt þeirra og nám. Útbúnaður eru vinnustöðvar (stöðvavinna) þar sem boðið er uppá mismunandi efnivið og aðstæður en stöðvarnar eru svo þróaðar áfram bæði inni og úti og taka breytingum eftir því hvert áhugi barnanna leiðir starfið. Það má segja að það sé það dásamlega við stefnuna og starf í anda Reggíó að hið óvænta má gerast. Það er mikil áskorun hvers kennara að styðja nám og uppgötvun barna í þeim kringumstæðum sem skapast, hvetja og efla til rannsókna, fylgja eftir og að gera meira með hugmyndir sínar. Það er ósk okkar að leikskólinn sé lifandi náms- og lærdómssamfélag barna og fullorðinna.



Það sem einkennir starfið er einmitt það, að ekki er búið að rígnepla allt niður í upphafi hvers starfsárs en ferlið mótast í samstarfi við börnin og hugmyndum þeirra er gefinn byr undir báða vængi. Það er krefjandi áskorun hvers kennara og krefst bæði þekkingar og innsæis hans að mæta börnunum þar sem þau eru stödd án þess að mata þau um allt sem framundan er.

Áherslan er á að kennarinn styðji börn til uppgötvana og sjálfsnáms með góðu skipulagi, handleiðslu og tiltrú á börnin og getu þeirra.

Uppeldisfræðilegar skráningar er mikilvægur þáttur í starfi skólans og í öllu námi barnanna.

Skráningarnar sýna börnum hvers þau eru megnug og efla sjálfsþrótt þeirra og tiltrú á sig sjálf. Skráningarnar eru jafnframt góður grunnur að uppeldislegru umræðu meðal kennara skólans og milli kennara og foreldra barnanna. Skráningar sýna fjölskyldum barnanna og samfélaginu mátt barna og mikilhæfni.

Þó starfsárið eða þemu þess séu ekki niðurnegld fyrirfram (Fljótandi námskrá) eru að sjálfsögðu ákveðnir þættir sem byggja á náttúru og umhverfi, menningu og hefðum ásamt traustu utanumhaldi og skipulagningu kennara á umhverfi barnanna. Í Reggíó er sagt; *Vel skipulagt námsumhverfi barna er á við auka kennara*. Sérstök áhersla er á markvisst starf með mál- og lesþroska alveg frá því börnin byrja á yngstu deildinni og hefur Lubbi komið þar sterkur inn sem viðbótar þjálfunar- og kennsluefni.

Á starfsárinu 2017-18 var starfsmannahald nokkuð stöðugt og faghlutfall gott. Í september 2017 var ráðin nýr matráður í Regnbogann en þá var ljóst að þáverandi matráður kæmi ekki aftur að loknu veikindaleyfi um áramót 2017-18.

Nýr skólastjóri, Fanney Guðmundsdóttir var ráðinn að Regnboganum 20. febrúar 2018. Fanney hefur unnið í Regnboganum frá upphafi eða síðan í september 2003 og er því þaulvön menningu og starfi skólans. Fráfarandi skólastjóri og stofnandi Regnbogans, Lovísa Hallgrímsdóttir lauk sínum skólastjórástörfum með útskrift í vor en þá útskrifuðust 14 börn f. 2012. Rekstraraðilar og eigendur verða enn um sinn þeir sömu og verið hefur frá upphafi og Lovísa verður faglegur ráðgjafi Regnbogans.

Á þessu ári hefur mikil vinna verið unnin í að rýna og skoða nýju Persónuverndarlögin sem tóku endanlega gildi á Íslandi þann 15 júlí. Bjarni Júlísson tölvunarfræðingur hjá Framnes var okkur innanhandar í þeim frumskógi sem þessi vinna oft á tíðum var. Við upphaf vinnunnar var skipuð öryggisnefnd sem í sitja skólastjóri, sérkennslustjóri og rekstraraðili skólans og var fyrsta verk nefndarinnar að útfæra öryggis- og persónuverndarstefnu skólans. Í Regnboganum hefur alltaf verið rík áhersla á að gæta vel allra þeirra ganga sem við vinnum með. Því fólst vinnan að miklu leyti í því að setja upp skýrt og skriflegt verklag í kringum það hvernig við vinnum nú þegar auk smávæðilegra breytinga á vinnslu og geymslu gagna. Nú erum við að leggja lokahönd á upplýsinga-öryggiskerfi skólans en þetta hefur verið krefjandi og lærdómsríkt verkefni.

Síðasta starfsár Regnbogans var 15. starfsár skólans sem lauk með útskrift 14 barna 24. maí. s.l. Að lokinni útskrift tekur við sumarstarf elstu barnanna sem þá fara í „víkingasveitina“.

Víkingasveitin er sumardeild elstu barnanna og hefur þann tilgang að elstu börnin fá bæði rými og starf að lokinni leikskólaútskrift við hæfi barna sem senn hefja grunnskólagöngu sína. Nafn sveitarinnar vísar til þess að leggjast í víking sem merkir þann er víða fer, nemur og forframast. Frá upphafi hefur tekist vel að manna Víkingasveitina.

Að þessu sinni var Tinna Þórsdóttir sveitarforingi og með henni tvær kröftugar og duglegar stelpur sem hafa starfað með námi hjá okkur á liðnum árum. Við óskum okkur þess einlæglega að leikskólaganga barnanna og starf og ferðir víkinganna verði börnunum bæði til gagns og gamans og að þau geti óhindrað tekist á við og notið verkefna næsta skólastígs.



2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

2.1 Innra mat leikskólans:

- **Námsbækur barnanna**

Skráningar barnanna segja okkur mikið um líðan og þroska þeirra, hæfni og framgang. Haldið er utan um skráningar (teikningar, ljósmyndir, frásagnir) fyrir hvert barn þar sem sjá má þroska þess og þróun og barnið sjálft í leik og daglegu starfi. Ein námsbók er fyrir hvert skólaár á öllum deildum og fá börnin þær heim í lok hvers árs innbundnar. Námsbókin er einskonar lífsbók barnsins í leikskólanum. Auk þess fá börnin

TRAS

Við notum TRAS skráningalista um málþroska ungra barna til að fylgjast með framvindu í þroska barnanna. TRAS er faglegt matstæki til að skima eftir frávikum í mál- og félagsþroska barnanna og skipuleggja snemmtæka íhlutun. Yfirsýn fæst um það hvaða þættir eru að þroskast á þeim tímapunkti sem skráningin fer fram. Skráningin nýtist vel í foreldraviðtölum og í samstarfi við sérfræðinga þegar ástæða er til s.s. talmeinafræðinga og sálfræðinga.

Hljóm 2.

Könnun á hljóðkerfisvitund 5 ára barna. Skimun er gerð að hausti og veturinn er svo notaður til að vinna sérstaklega með það sem uppá kann að vanta hjá einstaka barni í hljóðkerfisvitund þess. Niðurstöður eru kynntar foreldrum í upphafi skólaárs og fá foreldrar niðurstöðurnar afhentar. Jafnframt sendum við þeim grunnskóla sem barnið mun sækja niðurstöður Hljóm2.

APES

Við notum AEPS lista þegar við á sem er matstæki á færniþáttum sem börn þurfa að kunna til að takast á við daglegt líf. Markmiðið með listanum er að kortleggja sem best færni barns í samstarfi við foreldra og skipuleggja betur þjálfun barna. APES listinn hefur verið notaður með börnum sem þarfnast aukinnar þjálfunar og gefur hann góða mynd af styrkleikum og veikleikum barnsins. Listinn er hugsaður sem einstaklingsmiðað matstæki þar sem verið er að bera barnið saman við sjálft sig en ekki við önnur börn.

- **Mat 4 og 6 ára barna á skólastarfi.**

Í samræðum er spurningalisti lagður fyrir börnin og þau tjá sig í frjálsu máli um hverja spurningu og teikna sjálfsmynd. Kennari skráir svörin. Barnið er t.d. spurt um hvað það læri í leikskólanum, hvernig góður vinur eigi að vera, hvaða matur sé góður, hvað sé gaman og hvað leiðinlegt í skólanum, hvað kennarar þeirra geri og margt fleira. Matið er yfirfarið og skoðað hvaða vísbendingar er þar að finna sem draga má lærdóm af. Niðurstöður gefa almennt þá mynd að draga megi þá ályktun að börnin séu í góðu jafnvægi, frjálst og líði vel í skólanum., þau eru skapandi og frjó. Foreldrar fá afrit þessa mats.

- **Hvað gerir leikskólastjórinn**

Spurningar og teikningar um hvað leikskólastjóri geri eru einnig gerðar að sumarlagi þegar börnin eru komin í víkingasveitina og örlítið fjarlægð komin á snertifletina. Skólastjórinn hefur í þessu mati fengið mikilvæg skilaboð sem vert er að bæta en líka óendanlega hjartfólgin og gleðileg. Þetta mat sjá bara kennarar og skólastjóri.

- **Viðhorfskönnun starfsfólks.**

1) Nafnlaus matslisti sem lagður er fyrir í lok skólaárs um mat á eigin þekkingu á starfinu og væntingar til þess, um viðhorf til starfsins, til sjálfs síns, til stjórnunar og samstarfs í skólanum. Óskað er eftir ábendingar um námskeið eða símenntun á næsta starfsári eða eitthvað sem betur má fara í skólanum. Við veljum að gera eina nafnlausu könnun til að tryggja að ef eitthvað er erfitt að segja í viðtali geti það komið betur fram í nafnlausri könnun. Þessum matslista er hægt að svara í tölvutæku formi eða skriflega og setja í lokaðan kassa sem liggur frammi í 5 daga.

2) Starfsviðtal. Hér er rætt um líðan og áhuga í starfi og fólk hvatt til að setja sér markmið varðandi sí- og endurmenntun og koma með ábendingar þar um.

3) Sameiginleg endurmat. Matið fór fram í samræðum á deildar- og starfsmannfundum. Deildastjórar unnu svo sameiginlega úr þeim punktum sem fram komu og mun hver deild eða allir svo gera úrbætur sem við á. Okkur þykir þó mikilvægast að eiga samræðu um daglegt starf og meta og bæta úr jafnóðum og draga af þeim lærdóm.

Við teljum að samstarf, starfsandi og gleði ríki í starfinu og allir reyni að vanda sig í starfinu með börnunum. Starfsfólk fær góða handleiðslu og finnst það metið í starfi og margir hafa lýst sérstakri ánægju með það. Eftirfarandi eru áherslupunktur frá endurmati síðasta árs.

* Ákveðið var að stytta opnunarímann leikskólans og er hann nú opinn frá 7:35-16:30.

* Endurskoðuðum fyrirkomulag aðlögunar á yngstu deildinni og leggjum nú áherslu á að aðlagja bæði barn og foreldra. Foreldrar eru lengur fram á daginn fyrstu 3 dagana. Þannig gefst tækifæri fyrir börnin að upplifa leikskólarútinuna í öruggum faðmi forráðamanns og á sama tíma fá foreldrar gott tækifæri og tíma til að kynna leik og starfi í leikskólanum og starfsfólki hans. Bæði starfsfólk og foreldrar voru ánægðir með aðlögunina og fannst hún gefast vel í að gera börnin örugg í nýjum aðstæðum.

* Við endurmat í eldhúsi var lögð áhersla á einfalt og gott mataræði við hæfi barna eins og verið hefur undanfarin ár. Í endurmatinu eru einnig skoðuð svör barnanna úr mati 4 og 6 ára barna og ábendingar frá deildum. Í því kom fram á fólk er ánægt með samskipti við nýju ráðskonuna okkar. Börnin og starfsfólk söknuðu þó m.a. að fá ekki svikinn héra og var hann settur aftur á matseðilinn.

*Við endurmat á Rauðu deildinni var ákveðið að breyta skipulagi þannig að starfsmenn fylgi ákveðnum hóp barna í stað þess að fara eftir vaktaskipulagi. Með þessu skipulagi er vonast til að ná meiri festu í því hverjir sjá um hvaða verkefni auk þess að starfsmenn hafi tækifæri til að fylgja eftir verkefnum með sínum hóp.

*Við höfum velt því fyrir okkur hvort dagskráin á elstu deildinni sé ef til vill orðin örlítið of þétt. Við viljum gefa frjálsa leiknum og uppgötvunarnáminu gott rými yfir daginn og er það eitthvað sem starfsmenn deildarinnar ætla að rýna vel í fyrir komandi skólaár.

*Áfram verður stefnan tekin á sterka umhverfisvitund í leikskólanum. Á síðasta ári höfumst við handa við að flokka plast og munum við halda því áfram auk þess að leggja áframhaldandi áherslu á útinám barnanna og nota tækifærið þar til að kenna þeim að vera landverðir og hugsa vel um náttúruna.

Að öðru leyti teljum við starfið í Regnboganum vera í jafnvægi og byggja vel að þeirri menningu sem þróast hefur í áranna rás.

Ytra mat leikskólans

- Viðhorfskannanir foreldra til starfsemi Regnbogans eru framkvæmdar annað hvert ár af Tölfræði- og rannsóknarþjónustu Skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur. Viðhorfskönnun foreldra til skólastarfsins var gerð vorið 2017 og verður næsta könnun því lögð fyrir vorið 2019. Niðurstöður ytra mats eru kynntar foreldrum og starfslíði á haustfundum við upphaf nýs skólaárs og unnið með eftir því sem tilefni gefur.

Matsáætlun

- Mat næsta skólaárs verður að mestu með svipuðu sniði og verið hefur. Viðhorfskannanir, mat barna, foreldra og starfsfólks auk þess sem við notum skimunartækin TRAS, APES og Hljóm og fleira ef þurfa þykir. Auk þess munum við skoða og meta niðurstöður úr foreldrakönnun Skóla- og frístundasviðs sem lögð verður fyrir næsta vor. Að mati koma börn, starfsfólk og foreldrar. Stjórnendur þ.e. deildarstjórar og skólastjóri bera ábyrgð á mati skólans og úrvinnslu þess og endurbótum í kjölfarið.



3. Áherslur í starfi leikskólans

Tilfinningalega styðjandi umhverfi - Mál- og lesþroski - Skapandi starf

Þrjár megin stöðir eru í starfi Regnbogans og eru hér nefndar í grófum dráttum:

1) Tilfinningalega styðjandi umhverfi

Við viljum sýna börnum virðingu, gleði og umhyggju svo þau læri sjálfsvirðingu. Við leggjum áherslu á skapandi samskipti svo börnin öðlist færni til að koma skoðunum sínum á framfæri og læri að virða skoðanir annarra. Við leggjum áherslu á ramma og reglur sem höfða til skynsemi svo þau öðlist innri aga. Við leggjum áherslu á hvatningu og að hrósa fyrir gott framtak og fordæmi svo börnin gefist síður upp þó á móti blási. Við viljum vera til staðar og hjálpa barni að skilja tilfinningar sínar í reiði, sorg, áræði og gleði. Í daglegu starfi leggjum við því rækt við léttleika og gleði til að læra að taka sig ekki of alvarlega en um leið reynum við að skapa andrúm og festu þar sem börnin tileinka sér daglegar umgengnisreglur og almenna mannasíði. Virðing og festa í daglegum ramma þar sem réttlátar reglur gilda stuðla að sjálfstjórn barnsins, innri aga og ró.



2) Mál- og lesþroski

Við viljum stuðla að skapandi tjáningu og virkri hlustun í daglegu starfi og rækta þannig móðurmálið okkar. Börn þurfa þjálfun í hlustun og tjáningu og góðar fyrirmyndir heima og í leikskólanum til að öðlast góðan og fjölbreyttan orðaforða. Grunnurinn að góðum málþroska hefst með fyrsta hjali foreldra við barn sitt. Öll málreynsla sem á eftir kemur skiptir miklu fyrir mál- og lesþroska barnsins, nú kallað læsi í námsskrám. Í Regnboganum byrjum við strax meðvitað á yngstu deildinni að vinna að eflingu mál- og lesþroska í leik og gerum ritmálið sýnilegt og eðlilegt í umhverfinu. Börnin leika sér að fjölbreyttum hljóðum, hljóða stafinn sinn og síðar stafinn hennar mömmu, hans pabba, afa og ömmu, dýranna o.s.fr. Smám saman ná börn færni með hljóð allra stafanna og að skilja að hver stafur er tákn um málhljóð. Hljóð sem hægt er að leika með og tengja saman í orð og hugtök. Samræður, sögur, söngur og söngtexti veita barni góða þjálfun í að æfa málið og nota það. Allt stuðlar þetta svo að heilbrigðri hljóðkerfisvitund barnanna og byggir undirstöður fyrir mál þeirra og lesþroska.



Lubbi finnur málbein er gott og skemmtilegt námsefni fyrir börn á leikskólaaldri. Náms efnið styður vel við þróun máls og læsis hjá börnum og er efnið notað á öllum deildum skólans og er að þróast í starfinu með yngstu börnin uppí þau elstu. Sum börn geta þá orðið lesið sér til gagns en önnur stutta texta og eru vel búin undir grunnskólanámið. Þetta hefur einnig komið í samstarfinu við Ártúnsskóla en kennarar þar segja börnin almennt vera vel undirbúin þegar þau koma í skólann.

3) Skapandi starf í anda Reggió-stefnumunar

Til að börn geti þróað með sér skapandi hugsun og færni þarf að skapa börnum frjótt og vel skipulagt barnvænt leikumhverfi (inni og úti) sem hvetur til fjölbreyttra leikja og uppgötvana. Efniviður og aðstæður eiga að hvetja til könnunar og rannsókna á hlutum og fyrirbærum í daglegu lífi okkar, náttúrunni og umhverfinu. Starfið á að vera börnunum hvatning til að tjá sig á fjölbreyttan og skapandi hátt s.s. í máli, leik, tónlist og myndið. Aðalatriðið í sköpun er ferlið sjálft, ekki útkoma þess. Við viljum virða og taka tillit til getu barnsins og löngunar og leggja okkar af mörkum til að skapa kjöraðstæður einmitt á þeim tíma sem barnið er tilbúið til að skoða/rannsaka, taka á móti og nema.



4. Grundvöllur starfs - Umbætur

4.1 Málproski, læsi og lesskilningur

Í Regnboganum er læsi fléttað inn í allt starf skólans og litið á mál- og lesþroska sem samtvinnnað ferli. Grunnurinn að góðum málþroska hefst með fyrsta hjali foreldra við barn sitt. Öll málreynsla sem á eftir kemur skiptir miklu fyrir mál- og lesþroska barnsins. Við viljum stuðla að skapandi tjáningu og virkri hlustun í daglegu starfi og rækta þannig móðurmálið okkar. Börn þurfa þjálfun í hlustun, tjáningu og góðar fyrirmyndir heima og í leikskólanum til að öðlast góðan og fjölbreyttan orðaforða og hæfni til að tjá sig. Dr. Noam Chomsky sagði m.a. á fyrirlestri sem hann hélt í HÍ fyrir nokkrum árum að það ætti að lesa með börnum eins fljótt og hægt væri eða strax á fyrstu mánuðum þess og það ætti að lesa a.m.k. 6 x á dag fyrir ung börn.



Í Regnboganum trúum við því að læsi hefjist við fyrsta hjal barns og foreldra þess. Við reynum að standa vörð um mál- og lesþroskann og byrjum við strax meðvitað á yngstu deildinni að vinna við að kynna börnum bækur, að lesa fyrir þau og efla tjáningu þeirra með ýmsu móti. Við höldum þeirri vinnu svo áfram á öllum deildum leikskólans. Við vitum að grunnurinn að því sem á eftir kemur er lagður í upphafi og við viljum að við útskrift úr Regnboganum komi börnin sterk og hæfileikarík og tilbúin að byrja í grunnskólanum. Kennarar og starfsfólk á öllum deildum stuðla að framgangi mál- og lesþroska barnanna. Við gerum m.a. ritmálið sýnilegt á öllum deildum þannig að börnin sjái orð og stafi og geti smám saman áttað sig á að þeir eru tákn í flóknu ferli hljóða og tákna. Börnin leika sér t.d. að því að hljóða stafinn sinn og síðar stafinn hennar mömmu, hans pabba, afa og ömmu, dýranna, vina sinna o.s.fr. Smám saman ná börn færni með hljóðin og að skilja að hver stafur er tákn um málhljóð. Hljóð sem hægt er að leika með og tengja saman í orð og hugtök. Samræður, sögur, söngur og söngtexti veita barni góða þjálfun í að æfa málið og nota það.



Allt stuðlar þetta svo að heilbrigðri hljóðkerfisvitund barnanna og byggir undirstöður fyrir mál þeirra og lesþroska. Allt er þetta gert í gegnum leik, söng, lestur og samræður í daglegu starfi og allir þessir þættir eru mikilvægir fyrir þróun hljóðkerfisvitundar og í þróun máls- og lesþroska barnanna. Við munum í vetur leggja enn frekari áherslu á að þróa starfið með yngstu börnunum því þar er grunnur leikskólanáms lagður.

Að ofantöldu teljum við mega sjá að stöðugt er horft til þess að treysta og bæta málumhverfi barnanna og efla það starf sem grunnur var lagður að í upphafi með það að markmiði að efla almennan málproska og læsi barnanna. Einn mikilvægasti þátturinn til að vel takist til er gott vel menntað starfsfólk og að vel sé staðið að þjálfun og endurmennt alls starfsfólks. Mál- og lesproski er í *Aðalnámskrám Mrn.* frá 2011 nefnt *LÆSI*. Læsi í aðalnámskrám á líka við um það að vera læs á samskipti, náttúruna, menningu okkar og umhverfi svo eitthvað sé nefnt eða *Læsi í sinni víðustu mynd*.

4.2 Verk-, tækni- og listnám

Nám í Regnboganum fer fyrst og fremst fram í gegnum leik, í skapandi- og rannsakandi vinnu barnanna. Við lítum svo á að hvert barn sé einstakt, með fjölþætta og mikilhæfa eiginleika. Til að börn geti þróað með sér skapandi hugsun og góða verk hæfileika þarf að skapa þeim frjótt, vel skipulagt og barnvænt leikumhverfi (inni og úti) sem hvetur til fjölbreyttra leikja og uppgötvana. Efniviður og aðstæður eiga að hvetja til könnunar og rannsókna á eðli hluta og fyrirbærum í daglegu lífi okkar, náttúrunni og umhverfinu. Starfið á að vera börnunum hvatning til að tjá sig á fjölbreyttan og skapandi hátt s.s. í **máli, leik, tónlist,**



leiklist og myndið. Verk-, tækni- og listnám flettast inní allt skapandi starf og lögð áhersla á að börnin hafi alltaf nægan skapandi efnivið til tilrauna og sjálfsprottinnar tjáningar. Börnin moka skurði og gera stíflur, sá fræjum og mæla vöxt plantna o.s.fr. Nefna má varðandi tæki og tækni, að allar deildir hafa yfir að ráða bæði fartölvum, spjaldtölvum, skönnum, stækkunarglerjum og víðsjám sem börnin venjast á að nota og umgangast rétt eins og bækur og

önnur þjálfunargögn.

4.3 Stærðfræðilegt læsi

Við viljum styðja við og efla stærðfræðilegt læsi barna í gegnum leik. Það gerum við m.a. með því að vekja athygli barnanna á fjölda, stærð og formi í umhverfinu s.s. á fjölda (1, 2, 3, 4 og 5 steinar), stærð (lítill, stór, stærri,



minni o.s.fr.), lögun (s.s. stuttur, langur o.s.fr.) magnhugtök (s.s. fáir, margir, meira og minna o.s.fr.), eðli hluta (s.s. léttur og þungur o.fl.). Börnin læra um helstu formin og reyna að finna þau í umhverfinu s.s. ferhyrning, þríhyrning og hring. Allir kubbaleikir eru afar mikilvægir fyrir börnin til að skilja form, einingar og heild. Þá æfa börnin sig í að telja og skilja hvað stendur á bak við fjölda (talnaskilningur), læra að flokka, para saman og sundurgreina. Eldri börnin æfa sig í

að gera súlurit (3 eru í gulum peysum, 2 í rauðum, 5 í bláum o.s.fr.), æfa burðarþol og ýmsa verkfræðilega hugsun í leik. Markmiðið er að vekja athygli barnanna á litum, formi og magni allt kringum okkur og börnin útfæra svo á ýmsan máta í leik.



4.4 Læsi á náttúruna og umhverfið

Árstíðarnar hafa áhrif á allt skipulag og nám en okkur þykir mikilvægt að börnin upplifi náttúruna og verði læs á hana. Má þar nefna að þau læri að þekkja margvísleg hugtök um veðrabrigði, lífríki og staðhætti og læri jafnframt bæði að virða og vernda náttúruna. Við gefum umhverfismennt gott rými í daglegu starfi með börnunum. Enda hafa rannsóknir sýnt afturför hugtakaþekkingar barna varðandi umhverfi sitt.

Því er mikilvægt að leggja orð á hugtök og náttúruleg fyrirbæri s.s. snjór á sér mörg hugtök, áttir, heiti á blóma og gróðurs og annarra fyrirbæra í umhverfi okkar og nágrenni.



4.5 Könnunarleikurinn, „tækninám“ litlu barnanna

Könnunarleikur er ein leikstöðva í stöðvavinnu yngstu barnanna. Mikið uppgötvunarnám og færniþjálfun á sér stað í könnunarleiknum þar sem hugur og hönd læra að vinna saman. Könnunarleikurinn eflir og stuðlar að bæði verkmenningu og tækni þar sem grunnurinn er lagður hjá litlum börnum að því að hugur og hönd vinni saman og myndi góðar tengingar í heila barnanna. Fyrir nokkrum árum var lagður grunnur að könnunarleiknum með námskeiði sem Hildur Skarphéðinsdóttir hélt hér á námskeiðsdegi og hefur könnunarleikurinn æ síðan átt sinn sess í starfinu með yngri börnunum.

Markmiðið verk-, tæki og listnáms er að vekja athygli barnanna á og auka víðsýni varðandi umhverfi, vísindi, stuðla að dýpri stærðfræðilegri hugsun og virðingu fyrir umhverfinu.



4.6 Lýðræði, jafnrétti, fjölmenning og mannréttindi

Frelsi eins nær ekki lengra en að frelsi þess næsta. Nám og umönnun í Regnboganum veita margvísleg skilaboð um lýðræði, jafnrétti og þau mannréttindi að við eigum öll hvert og eitt sama rétt. Jafnrétti má þó aldrei ganga yfir aðra því að þá er réttur eins orðinn óréttur annars. Okkur þykir mikilvægt að börn skilji þetta og læri bæði að virða sig sjálf og aðra, hvernar þjóðar, trúar eða kynhegðunar sem fjölskyldur barnanna eru. Enda hafa verið og eru hér nú fjölskyldur samkynhneigðra sem gagnkynhneigðra og fólk af ýmsum trúarbrögðum og litarhætti. Við lítum á hvert barn sem einstakt óháð uppruna og kringumstæðum og foreldrar og fjölskyldur

barnanna hafa einmitt verið mjög ánægð með það. Við

leggjum mikið uppúr því að börnin læri tillitsemi og mannasiði og erum dálítið „gamaldags“

varðandi allskonar mannasiði. Við

leggjum jafnframt áherslu á að börnin séu fær um að sýna samkennd,

góðvild og hjálpsemi, en líka að eiga gott með að þiggja það sama frá

öðrum. Við segjum að Regnboginn sé vinaleikskóli og er *vinátta* eina þemað

sem skipulagt er fyrirfram. Í upphafi

hvers skólaárs er *vinátta* þemað á öllum

deildum. Börnin ræða um hugtökin *Vinátta,*

Hjálpsemi, Jafnrétti og Lýðræði svo dæmi séu tekin

og rýna í fyrir

hvað þau standa. Við veltum upp hvað við getum betur gert

til að öllum líði vel, eigi vini og njóti mannréttinda eins og þau þekkjast best. Þannig stuðlum

við saman m.a. að tilfinningalega styðjandi umhverfi sem bæði börn og fullorðnir taka þátt í

og móta. Hver dagur hefst með samveru (fundi) þar sem börn og kennarar eiga samræður um

hvað dagurinn geti boðið uppá og hvert skal stefnt með fyrirbyggjandi verkefni eða ný. Hvaða

stöðvar (stöðvavinna) eru í boði, hverjir halda áfram að þróa þau verkefni sem eru í gangi og

hverjir leita nýrra uppgötvana, leikja og ævintýra inni eða úti. Lýðræði, jafnréttindi og

mannréttindi er samtvinnað ferli. Lýðræði er fyrir alla óháð stétt, stöðu, kynvitund, litarhætti,

tungumáli, trúarbrögðum eða menningu og í því felst sýn okkar til fjölmenningar.



5. Skólamenning og hefðir / Gæði og fagmennska

Regnboginn leggur áherslu á lýðræði í leikskólastarfi og að hér ríki virðing, gleði og umhyggja. Að börnin finna sig örugg að tjá skoðanir sínar og viti að á þau sé hlustað og hugmyndir þeirra og framtakssemi fái byr í seglin. Við leggjum áherslu á fallega framkomu hvert við annað og almenna mannasíði sem leggja grunn að sjálfsaga og tillitsemi en höfum enga trú á að sjálfstjórn lærist með skömmum og *þú-skilaboðum*.

Skipulags- og fræðsludagar eru haldnir á laugardögum og aldrei er lokað vegna þeirra. Fyrsti skipulagsdagur skólaársins 2018-19 verður haldinn 15. september n.k. Á dagskrá verður:

1) Farið yfir fasta liði í menningu Regnbogans og mikilvæga þætti í starfsmannahandbók.

2) Færni til framtíðar – Sabína Steinunn Halldórsdóttir íþrótt- og heilsufræðingur

verður með erindi um örvun og hreyfifærni barna og fer með okkur í útikennslu á leiksvæðinu.



Á skipulagsdegi í nóvember er fyrirhugað að hafa Reggio-dag þar sem kafað verður dýpra í starf í anda Reggio Emilia stefnunnar. Lovísa Hallgrímsdóttir ásamt kennurum skólans mun leiða fræðsluna. Aðrir skipulags- og námskeiðsdagar verða skipulagðir jafnóðum nema Námskeiðsdagur um *Slysavarnir barna* sem Herdísí Stoorgard sér um 9 febrúar 2019. Við munum áfram bjóða uppá margskonar samveru starfsfólks, fræðslu og þjálfunarbúðir innan- og utandyra. Með það að markmiði að styrkja starfsanda, gæði og fagmennsku í öllu starfi Regnbogans.

Foreldrafundir eru haldnir í upphafi nýs starfsárs og er þá kosið í foreldraráð, nýtt skóladagatal kynnt og starfsemi hvernar deildar er kynnt í máli og myndum og annað það sem fyrir liggur. Samstarf hefur frá upphafi verið um slysavarnanámskeið sem við höldum saman fyrir starfsfólk og foreldra, um sveitaferð sem alltaf er farin á laugardegi svo fjölskyldur barnanna eigi gott með að komast með, um opið hús, grillveislur og margt, margt fleira. Foreldrasamstarf hefur alltaf verið gott og aldrei verið skortur á að foreldrar vilji gefa kost á sér til starfa. Gott foreldrasamstarf er afar mikilvægt heilbrigðu og farsælu leikskólastarfi.

Stiklur/hefðir frá hausti til vors:

Nýtt starfsár hefst alltaf með þema um *vináttu*. Börnin ræða hvað er að vera vinur, læra að fagna hvert öðru, hjálpast að og vera tillitsöm hvert við annað og glöð. Við leggjum mikið uppúr því að skapa börnunum styðjandi og hvetjandi umhverfi sem styður persónuþroska hvers barns. Að þau börnin læri að réttur eins nái bara að rétti þess næsta og að við erum öll mikilvæg, hvert fyrir sig og öll saman sem leikskólasystkini og vinir.



Á haustin er farið í fjöruferð, annað hvert ár er farið útá Reykjanes og Fræðasafnið í Sandgerði heimsótt að lokinni söfnun og upplifun í fjörunni. Börnin taka þá afraksturinn með í fræðasafnið og rannsaka þar feng sinn en taka síðan með heim til áframhaldandi úrvinnslu. Hitt árið er farið í fjöruna á Seltjarnarnesi og við Gróttu og aðföngin tekin með heim.

Börnin sá grænmetis- og blómafræjum, setja niður útsæði að vori og taka svo upp kartöflur, salat og kryddjurtir að hausti. Í október er farið í haustlitaferð og ýmis aðföng borin heim og rannsökuð og gott tækifæri gefst til að ræða hringrás náttúrunnar og vinna úr aðföngum. Stundum verður til þema eða ferli sem lifir nokkurn tíma, stundum ekki. Aðra fasta liði sem



mætti nefna og tengjast menningu okkar og umhverfi ár hvert eru m.a. skógarferðir í Elliðaárdal, náttfatadagur á bangsadaginn, kakóferð í Vinaskóg á aðventunni, heimsókn í Árbæjarsafn, jólaundirbúningur sem hefst með þátttöku í verkefninu *Jól í skókassa* sem ungliðadeild KFUM- og K leiðir, gerð jólagjafa (sem er langt ferli hugmynda barnanna að gjöf til foreldra sinna), við höldum *Litlu jólin* hátíðleg, höldum þorrablot, bjóðum í konudagskaffi, foreldrakaffi, afa- og ömmukaffi, dönsuð og skreyttum okkur á öskudag, leiksýningar og uppákomur

barnanna o.fl. og fl. Að vori til er svo alltaf farið í sveitaferð, 5 ára börnin sá grænmetisfræjum að vori og setja niður kartöfluútsæði og fylgjast með vexti yfir sumarið og gera mælingar vikulega og halda um það skrá og reikna út vöxt (stærðfræðileg hugsun). Hér ríkir líka mikill áhugi á fuglum og er þeim gefinn gaumur allan veturinn. Þeir eru orðnir ótrúlega spakir og eru mikilsverð tenging barnanna við lífið í náttúrunni og þau þekkja alla fugla sem hingað sækja æti og marga aðra líka. Ýmsar uppákomur verða svo til í verkefnavinnu barnanna sem oftast en ekki verða að sögum, ljóðum og jafnvel leikþáttum.

Samveru- og söngstundir eru 2 x á dag og samsöngur og uppákomur á sal á föstudögum. Við bæði segjum sögur og lesum fyrir börnin og börnin tjá sig og segja frá. Mikilvægt er að börnin læri bæði að tjá sig og hlusta. Við leggjum áherslu málörvun á öllum deildum í gegnum leik og skapandi vinnu og metum það sem svo að best sé að byrja strax með yngstu börnunum að byggja grunninn og smá bæta svo í eftir því sem börnin eldast. Málörvunarefni (læsiverkefni) sem við notum er t.d. *Hugur og fluga*, *Lubbi finnur málbein*, *Lærum og leikum með hljóðin* og allt mögulegt annað sem verður til gagns og gamans í málörvunarferlinu. Þá teljum við að samræður, frásögn, söngur og sögur vera mikilvæg atriði í námi barnanna og skapa undirstöðu í málþroska þeirra og læsi. Í samverum er líka gáð til veðurs, rætt hvað börnin vilja gera í stöðvavinnu þann daginn o.fl. o.fl.

Barnamenning: Skapandi starf er eins og áður er komið fram þráðurinn í daglegu starfi Regnbogans m.a. í myndið, söng, tjáningu og málörvun. Tónlist og söngur skipa þar stóran sess. Frá upphafi hefur Regnboginn átt samstarf við Tónskóla Sigursveins og eru elstu börnin með í samstarfsverkefni tónskólans og leikskóla í Reykjavík. Söngstjóri í Regnboganum er Kristbjörg Ingimundardóttir. Samstarfið felur m.a.

í sér að elstu börnunum er boðið í heimsókn í tónskólann og fá þau þar m.a. kynningu á hljóðfærum. Þemað að þessu sinni var: **íslensk leikhústónlist eftir konur**. Tónlistin sem um er að ræða hverju sinni er tekin uppá disk, börnin hlusta og læra tónana, síðan textana og tengja svo allt vel saman. Börnin eru afar dugleg að æfa sig og söngur þeirra ómar í leikskólanum meðan á æfingum stendur og heima líka.



Að æfingum loknum komu börnin síðan fram í Eldborgarsal Hörpu og syngja með *Þjóðkór leikskólabarna* á setningardegi Barnamenningarhátíðar Reykjavíkur sem var 17. apríl s.l. Stjórnandi samstarfs og söngs er Elfa Lilja Gísladóttir og erum við afar þakklát fyrir einstakt tækifæri fyrir börnin til að kynnast tónverkum, fyrir krefjandi æfingar og það ævintýri sem þau fá að fá tækifæri til að syngja í Hörpu. Það gleymist eflaust seint.

Á hverju starfsári Regnbogans er boðið uppá 2 mánaða tónlistarnámskeið, að þessu sinni mun Dr. Helga Rut Guðmundsdóttir höfundur og stofnandi Tónagulls sjá um námskeiðið. Einnig er boðið upp á tveggja mánaða danskennslu eftir áramót og mun Íris Ósk Einarsdóttir danskennari sjá um kennsluna eins og síðustu ár. Öll börn leikskólans taka þátt í námskeiðunum, líka þau yngstu.

Við förum í leikhús en fáum líka til okkar góða listamenn með sýningar og uppákomur, í desember kom Þórdís Arnljótsdóttir með leikhús í tösku með sýninguna um jólasveinana þrettán e. Jóhannes úr Kötlum og kemur aftur fyrir næstu jól.

Einu sinni á ári á afmælisdegi Regnbogans bjóðum við börnunum uppá eitthvað menningartengt s.s. leikrit eða tónlist. Í mars s.l. voru það Dúó Stemma sem komu til okkar með Tónleikhús fyrir börnin. Dúóið skipa þau Herdís Anna Jónsdóttir víóluleikari og Steef van Oosterhout slagverksleikari, bæði hljóðfæraleikarar úr Sinfóníuhljómsveit Íslands.



Skólaleikrit: Árlega setja elstu börnin upp leikrit þar sem þau hafa samið efnið sjálf, gert leikmynd, útbúið leikhúsmiða og allt sem til þarf í góða sýningu. Um er að ræða samþætt verkefni sem verður til í stöðvavinnu og þá aðallega á málstöð og listastöð.

Verkefnið krefst mikillar samvinnu og pælinga áður en hafist er handa um að skrifa söguna sem verður að leikriti. Mikil málörvun og læsisvinna á sér stað í þessari vinnu sem tekur nokkrar vikur á mismunandi stöðvum. Á listastöð búa börnin t.d. til leikmyndina sem þá hefur verið rædd fram og til baka, teikna hugmyndir sínar á A4 blöð og stækka svo eins mikið og þurfa þykir.



Að lokum bjóða börnin svo öðrum börnum og starfsfólki skólans á sýningu sem tekin er upp og börnin fá á c.d./lykli heim.



Námsbækur: Frá upphafi skólastarfs Regnbogans hafa verið gerðar námsbækur fyrir hvert barn þar sem skráningar, sköpun og ljósmyndir er varða nám og leik barnsins ásamt deildarmynd eru bundnar inn að vori. Gerð er ein námsbók fyrir hvert skólaár og fylgir líka geisladiskur með úrvali mynda hvers starfsárs með. Þannig eiga börnin öll einskonar lífsbók frá leikskólaárum sínum þar sem glögg má sjá framvinduna í þroska, í leik og starfi. Foreldrar hafa lýst sérstakri ánægju með að fá námsbækurnar í hendur og skapi þær sérstakt tækifæri fyrir samveru þar sem barnið rifjar upp og segir bæði foreldum, afa og ömmu frá.

Vísdomsstundir: Starfið á elstu deildinni sem við nefnum vísdomsstarf fer fram í *vísdomsstundum*. Í þeim stundum fá börnin í fyrsta sinn vinnubók með verkefnum sem kennarar hafa útbúið. Þar er að finna ýmis verkefni sem efla mál- og lesþroska sem og stærðfræðilega hugsun og býr börnin þannig enn frekar undir næsta skólastig. Börnin hljóða stafina, æfa sig að ríma, gera vísur og sögur svo nokkuð sé nefnt. Þá má nefna ýmis teikniverkefni, skriftarþjálfun, stærðfræðiverkefni, tengiverkefni, börnin teikna sjálfsmynd og mynd af fjölskyldunni.

Vinnubækur vísdomsstunda voru lengi vel eina tilbúna kennsluefnið sem notað var beint með börnum í skólanum. Við notum læsis-PALS eftir áramót með elstu börnunum. Að öðru leyti er námsferlið með elstu börnunum eins og með þeim yngri, skapandi og fljótandi ferli sem verður til í samspili barnanna og kennara þeirra.



Útskriftarferð á Þingvelli:

Hefðbundin útskriftarferð í Regnboganum er dagsferð á Þingvelli og er hún alla jafna mikil upplifun fyrir börnin. Gengið er niður Almannagjá eftir útsýnisstopp á Hakinu. Á Lögbergi sjá börnin hvernig menn bjuggu í búðum sem nú eru tóftir, gengið er um og fræðst um það þegar fyrstu lögin voru sett á Þingvöllum, *Öxar við ána* er sungið og börnin kalla sín eigin lög í bergið. Segja má að lagasetning barnanna sé með svipuðum hætti frá ári til árs og snertir oftast en ekki vináttu og tillitsemi s.s. *Það eiga allir að vera vinir!*



Hlýtt er á þjóðsögu við Skötutjörn, náttúran lesin, lögð blóm á leiði þjóðskáldanna okkar Jónasar Hallgrímssonar og Einars Benediktssonar sem hvíla í skáldareitnum. Við óskuðum okkur (í huganum) við Nikulásargjá (peningagjá), grilluðum og lékum okkur í skóginum og að lokum skoðuðum við Öxarárfoss. Þá er árvisst orðið að börnin taka lagið fyrir ýmsa erlenda hópa og þykir okkur og gestum þjóðgarðsins að börnin okkar punti mikið uppá Þingvelli þennan dag.



Útskrift

Litla útskriftarboðið með foreldrum og útskriftarhópnum okkar er líka orðið hefðbundið og var nú haldið 24. maí s.l. Það voru 14 börn sem luku leikskólagöngu sinni en flest hafa þau verið í Regnboganum frá 1 – 2 ára aldri. Þeim fylgja góðar kveðjur okkar og óskir um velfarnað í lífi og starfi. Ósk okkar er að vera þeirra og nám í leikskólanum hafi bæði verið þeim til gagns og gamans.



Lengi býr að fyrstu gerð



Foreldrar og börn í útskriftarhópnum færðu skólanum málörvunarkassa í kveðjugjöf í lok sumars. Málörvunarkassinn mun án efa mun koma að góðum notum í þjálfun og kennslu í skólanum



Víkingar – sumardeild 6 ára barnanna

Þetta var 9. sumarið sem boðið er uppá sérstakt sumarstarf fyrir elstu börnin og köllum við sumarsveitina víkingasveit. Áhersla okkar er á: *Gleði og kröftuga útivist í fjölbreyttum vettvangsferðum undir handleiðslu valinna sumarstarfsmanna. Nafn sveitarinnar var í upphafi valið með hugtakið *Að leggjast í víking* í huga sem merkir að fara víða, skoða, nema og forframast.*

Í sumar fór sveitin á sundnámskeið, í listasöfn, vettvangsferðir og í gönguferð uppí hlíðar Esjunnar, heimsókn í Björnslund, í Húsdýragarðinn, heimsótti Landhelgisgæslunnar, Sjóminjasafnið, Hvalasafnið, Rauða krossinn, Össur, Náttúrufræðistofu Kópavogs og fóru úti Viðey og uppá Úlfarsfellið svo sitthvað sé nefnt.





Áherslur og starfshætti Regnbogans má í stórum dráttum sjá og lesa hér að framan. Námskráin er *fljótandi námskrá* og sjaldan eru gerðar nákvæmar áætlanir fyrirfram en stundin oftast gripin. Þó erum við með formlegra og verkefnaþætt námskrá að nokkru leyti á síðasta ári barnanna. Fljótandi námskrá byggð á Aðalnámskrá leikskóla gerir miklar kröfur til fagmennsku kennaranna. Grunnurinn í starfi leikskólans helgast fyrst og síðast af áherslum Regnbogans á *Tilfinningalega styðjandi umhverfi, Mál- og lesprosa og Skapandi starfi*.

Markmiðið okkar er alltaf að gera gott skólastarf betra.

Gildi leikskólans eru;

Virðing - Gleði - Umhyggja

6. Starfsmannamál

Starfsmannahópurinn 2017-2018

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshl.	Menntun
Skólastjóri frá febrúarlokum s.l.	1	1,00 %	Leikskólakennari
Fráf. skólastj./fagstjóri	1	1,00 %	Leiksk.kennari + stjórnunarnám
Deildarstjóri	3	3,00 %	2 leikskólakennarar og 1 grunnskólak.
Kennarar í leikskóla	3	3,00 %	Leikskólakennarar og 1 íþróttakennari
Sérkennslustjóri	1	1,00 %	Leikskólak. + master í sérkennslufræðum
Leiðbeinandi	9	9,00 %	
Umsjá. fasteigna, lóðar, tækja o.fl.	1	1,00%	Tækni-og iðnmenntun
Matráður	1	1,00 %	Útskrifaðist úr kokkaskólanum í maí 2018
Aðst. eldhús og afleysing	1	1,00 %	Stúdent
Afleysingar og skilastöður	3	1,00 %	Starfsmenn í námi
Í leikskólanum er jafnframt boðið uppá tónlistar- og dansnámskeið o.fl. sem eru aðkeypt	1	0,40%	Tónlistarkennari og danskennari

Skólastjóraskipti urðu í febrúar 2018, þá tók Fanney Guðmundsdóttir við stöðu leikskólastjóra en fráfarandi skólastjóri veita faglega handleiðslu áfram.

Starfsþróunarsamtöl:

Skólastjóri tekur þessi viðtöl sem eru skipulögð 1 x á ári og önnur viðtöl eftir ástæðum

Símenntun frá síðasta ári:

- Allir leiðbeinendur fá þjálfun og fræðslu í starfi í anda Reggíó sem veitt er af kennurum og Regnbogans og utanaðkomandi fræðsla.
- Sýn á barnið í Reggíó og námskeið um skráningar
- *Slysavarnir barna* / árlegt námskeið sem hver starfsmaður sækir 2. hv. ár.
- Ráðstefna Samtaka sjálfstæðra skóla *Fjölbreyttar leiðir til framtíðar* 2. mars, allir.
- Kynning á vegum Samtaka sjálfstæðra skóla um innleiðingu nýrra persónuverndarlaga, *Bjarni Júlíusson* frá Framnes fór yfir og kynnti tillögur að uppsetningu og útfærslu öryggiskerfa fyrir skóla.
- Lubbi í leikskólastarfi, allt starfsfólk sótti námskeið Eyrúnar Ísfoldar talmeinafræðings sem haldið var í Regnboganum.
- TRAS námskeið um skráningarlista á mati á málþroska ungra barna
- *Heilsueflandi leikskóli – málþing* – 3 kennarar
- *Núvitund í uppeldi* / Sólveig Hlín Kristjánsdóttir sálfr. var með fyrirlestur í október
- Það er leikur að læra, Kristín Einarsdóttir kom með námskeið á skipulagsdag.
- 6 kennarar sóttu námskeið til Brighton:
Reflections Nursery and Forest school / and I am off to my cosy nest.
A profeswional Development, focussing on place, spaces and emotional life of a project.
- Jafnframt voru sóttir fyrirlestrar um: Mál og læsi fjöltyngdra leikskólabarna, heilsueflandi leikskóli ofl.

Drög að áætlun um símenntun í leikskólanum:

- Endur- og símenntun í Reggíó-fræðum og uppeldisfræðilegum skráningum verður í nóvember í umsjá Lovísu Hallgrímsdóttur og kennara Regnbogans
- Lubba námskeið 20. September – 2 kennarar fara
- Leikskólinn – gott námsumhverfi fyrir yngstu börnin – 1 kennari
- Unnið er að því að 2 kennarar fari til Reggíó Emilía á vikunámskeið á skólaárinu
- Herdís Storgaard með námskeið um slysavarnir barna, í febrúar 2019
- Námskeið, ráðstefnur og málþing eftir því sem býðst og tækifæri gefast og áhugi er fyrir



7. Aðrar upplýsingar

Barnahópurinn:

Fjöldi barna ár starfsárinu 2017-18 var 38 stelpur og 37 strákar. Leikskólinn er einsetinn og því einungis boðið uppá heilsdagspláss en opið er frá 7:35 - 16:30. Flest barnanna nýta 8 - 8,5 klst. pláss daglega. Á síðasta ári voru þrjú börn sem nutu formlegs stuðnings. En stuðning veitum við öðrum börnum eftir þörf hverju sinni s.s. málörvun, hreyfipjálfun og þjálfun í félagsfærni. Í skólanum voru þrjú tvítyngd börn og eitt fjöltyngt.

Talmeinaþjónusta í fjarþjálfun

Fyrir 3 árum tókum við að okkur fyrir orð foreldra barns í leikskólanum að gera tilraun með talmeinaþjónustu í gegnum netið fyrir barn þeirra. Foreldrar barnsins gerðu samning við TRÖPPU sem sér um ýmsa sérfræðiþjónustu um fjarbúnað. Regnboginn tók að sér að skaffa þann búnað sem til þarf og kennara til að vera með barninu í tíma. Skemmst er frá því að segja að þessi fjarþjónusta hefur gengið afar vel. Kennari og barn setjast á umsömdum tíma við fjarbúnaðinn og hitta þar fyrir talmeinafræðing sem vinnur með málvanda barnsins og gefur leiðbeiningar sem kennari og foreldrar geta nýtt í áframhaldandi vinnu með barnið. Eitt barn getur ekki sökum fötlunar sinnar nýtt sér þessa þjónustu en foreldrarnir fara með barnið til talmeinafræðings.

Foreldrasamvinna:

Dagleg samskiði milli foreldra og starfsfólks eru grunnurinn að traustu foreldrasamstarfi. Foreldra- og skólaráð er líka samstarfsvettvangur leikskólans, foreldraráðs og foreldrafélagsins en við höfum kosið að hafa það einn hóp. Kosið er í ráðið á foreldrafundum að hausti auk þess sem skólastjóri eða annar fulltrúi leikskólans situr í ráðinu. Þrír aðalfulltrúar eru í skólaráði og en þó hafa alltaf verið fleiri sem vilja vera með og er þá bara fjölgað í hópnum. Ekki hefur þurft að „lokka eða skylda“ foreldra til að vera með og hefur samstarf við foreldra verið farsælt.

Fundir eru haldnir við upphaf skólaárs eða um miðjan september, fræðslufundur er 2 x á ári og samstarf um ýmsar hefðir og menningatengda viðburði, sveitaferð, opið hús og námskeið og skemmtun bæði fyrir börn og fullorðna og má þar nefna árlega leikhúsferð, slysavarnanámskeið, sveitaferð, grillpartý í garðinum o.fl. o.fl.

Foreldraviðtöl eru í námunda við afmæli barnanna til að dreifa þeim yfir árið og svo eftir óskum bæði foreldra og kennara. Símatími er daglega og foreldrar og kennarar hafa eins oft og vilji er til viðtöl eða samband með netpósti. Mikilvægast teljum við þó alltaf dagleg samskipti vera, þegar foreldrar koma með og sækja barn sitt.

Samstarf leik- og grunnskóla: Við erum í góðu samstarfi við Ártúnsskóla auk þess sem bæði börn og kennarar beggja skólanna koma í heimsóknir hver til annars. Grunnskólabörn 4. bekkjar koma í heimsókn í Regnbogann og lesa fyrir leikskólabörnin og leikskólabörnin fara í heimsókn í tíma, í bókasafn, sel og íþróttahús. Við tímasetjum samstarfið á haustin en áætlun næsta árs liggur ekki fyrir nú (fylgiskjal síðasta árs er sent).

Skipulagsdagar: Ekki er lokað vegna skipulagsdaga en þeir eru haldnir á laugardögum og greitt er fyrir þá í yfirvinnu.

Heimasíða: Ný og endurbætt heimasíða var sett í loftið í mars 2018. Foreldrar fá aðgang að læstu svæði deildanna þar sem þeir geta lesið fréttir og skoðað myndir af börnunum í leik og starfi.

Lokaorð:

PLAY GIVES
CHILDREN
A CHANCE
TO PRACTICE WHAT
THEY ARE
LEARNING.
-MR. ROGERS

Þessari samantekt er ætlað að gefa skólayfirvöldum, foreldrum og starfslíði sýn á starfsemi Regnbogans en einnig að geyma sögu skólans í örlítilli mynd. Ekki er um meiriháttar stefnubreytingar í starfi að ræða milli ára. Starfsemi Regnbogans er í nokkuð föstum skordum hvað varðar hugmyndafræði og sýn á barnið. Við vonumst til að áherslur okkar á tilfinningalega styðjandi umhverfi, mikilvægi gæða í samskiptum, læsistefnan og sýn okkar á barnið sé vel sýnileg í þessari samantekt.

Börn eru merkilegt fólk!

Reykjavík 28. ágúst 2018

Fanney Guðmundsdóttir

leikskólastjóri

Samstarf

Ártúnsskóla og Regnbogans 2018-2019

Skólarnir hafa gert með sér samning um samstarfi sem miðar að því að auka samskipti og samvinnu skólanna. Markmiðið er að auðvelda tilfærslu nemenda úr leikskólanum yfir í grunnskóla og að bjóða grunnskólanemum í heimsókn í leikskólann og æfa sig þar að lesa fyrir yngri börn.

Í vísdomshópi Regnbogans eru 12 börn í vetur f. árið 2013

Á skólaárinu 2018-2019 verða eftirtalin skref tekin til að ná framangreindu markmiði:

Skólahópur - heimsóknir:

- Vísdomshópur Regnbogans mun heimsækja 1. bekk Ártúnsskóla (hitta gamla félaga), á þriðjudegi **6. og 13. nóvember** (6 börn í senn, þetta árið eru börnin 12). **Gestirnir koma kl. 9:15**, syngja með nemendum, borða nesti og fara út í frímínútur.
- Vísdomshópur Regnbogans kemur á **Föstudagssamveru 2. bekkjar 22. nóvember kl. 8:25**.
- Nemendur úr **4. BJ** í Ártúnsskóla koma 2 x í heimsókn og lesa fyrir leikskólabörnin. Fyrri heimsókn **þriðjudaginn 22. janúar kl. 10:30 og seinni hópuinn þriðjudaginn 29. Janúar**.
- Hópurinn mun jafnframt koma í tvö skipti í sögustund á **skólasafn Ártúnsskóla, miðvikudagana 13. og 20. mars kl. 9:05** (hálfur hópur kemur í senn).

Íþróttahús - heimsóknir

Vísdomshópur getur fengið aðgang að **íþróttahúsi** Ártúnsskóla í vetur á **þriðjudögum kl. 13:35 -14:15**.

Skilafundur:

Skilafundur verði 1 x á ári undir lok skólaárs (gott að fastsetja snemma). Fundirnir eru til skiptis í skólunum til að efla samstarf og til að kennarar kynnist betur og þekki aðstæður barnanna í báðum skólum.

Regnboginn skili þá lista með nöfnum þeirra barna sem fara í Ártúnsskóla og skriflegum upplýsingum varðandi börn sem fengið hafa einhverskonar greiningu eða stuðning.

Næsti skilafundur verði fimmtudaginn 9. maí eða í Regnboganum, eða samkvæmt nánari ákvörðun síðar.

Ártúnsholti í september 2018

Ellen Gísladóttir, aðstoðarskólastjóri Ártúnsskóla
Fanney Guðmundsdóttir, leikskólastjóri Regnbogans

Þema eða viðfangsefni hverrar árstíðar tengist því sem fangar athygli barnanna hverju sinni og getur staðið í einn dag, eina viku, einn mánuð eða lengri tíma í senn.



Ath. að dagsetningar og áætlun geta tekið breytingum!

Skóladagatal 2018-2019

September	Oktober	November	Desember	Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Mai	Júní	Júlí	Agúst
1	1	1	1 Fullveldisd. Íslands	1 Nýársdagur	1 Danskennsla	1.	1	1. Dagur verkalíðsins	1	1	1 "
2	2Fore. og skólar.	2		2	2	2	2	2	2 Sjómannadagurinn	2	2 "
3	3	3	3	3	3	3 Regnboginn 16 ára	3	3 Endurmat	3	3	3 "
4	4	4	4	4 Danskennsla	4	4 Bolludagur	4	4.	4	4	4
5	5 Tónlistarnámsk.	5	5	5	5	5 Sprengidagur	5 Blár dagur	5	5	5	5 Frid.versl.manna
6	6	6	6	6 Prettdandinn	6 Dagur leikskólans	6 Öskudagur	6	6	6	6	6 "
7	7	7	7 Jólaleikrit 9:15	7	7Einar Áskell 9:30	7	7	7	7 Grænn dagur	7	7 Sumarleyfi
8	8	8	8 +raudur dagur	8	8 Danskennsla	8	8 barnamenningarvika	8	8	8	8 "
9	9	9 Tónlist+jól í skó?	9	9	9 Slysav. 8-13	9	9	9	9 Hvítasunnudagur	9	
10	10	10.Skipulagsdagur	10	10	10	10	10	10	10 Annar í hvítasunnu	10	10 "
11	11	11	11	11 Danskennsla	11	11	11	11 Sveitaferð 10:30-12:30	11	11	11 "
12	12. Bleikur dagur	12	12	12	12	12	12	12	12	12.	12 "
13 Fore.fundur	13	13	13	13	13	13	13	13 Opið hús	13	13	13 "
14.	14	14	14 Litlu jólin	14	14	14	14	14	14	14	14 Nýtt skólaár
15 Skipulagsdagur	15	15	15+foreldrakaffi	15	15 Danskennsla	15	15	15	15	15 Sumarleyfi hefst	15
16 D. ísl. náttúru	16	16 Tónlistarnámsk.+	16	16	16	16 Skipulagsdagur	16	16 Útskriftarferð	16	16	16
17	17	17 Dagur ísl. Tungu	17	17	17 Konud./Góða byrjas	17	17	17 Gulur Dagur	17	17 Lýðveldisdagurinn	17 "
18 Fore.fundur	18	18	18	18 Danskennsla	18	18	18 Skírdagur	18	18	18 "	18
19. Fore.fundur	19 Tónlistarnámsk.	19	19	19	19	19	19 Föstud.langi	19	19	19 "	19
20	20	20	20	20	20	20	20	20	20	20 "	20
21	21	21	21	21	21	21	21	21. Páskadagur	21	21	21
22	22	22	22	22	22 Danslok+konud.kaffi	22	22	22. Annar í páskum	22	22	22
23	23	23 Tónlistarnámsk.	23 Þorláksmessa	23	23	23	23	23 Útskrift	23	23 Sumarleyfi	23
24	24	24	24 Aðfangadagur	24	24 Konudagur	24	24	24 Víkingasveit byrjar	24 Jónsmessa	24	24
25	25 Tónlistarnámsk.	25	25 Jóladagur	25 Dans + bóndad.	25	25	25 Sumard.fyrsti	25	25	25	25
26	26 Fyrsti vetrardagur	26	26 Annar í jölum	26 Skipulagsdagur	26	26	26	26	26	26 "	26
27	27 Bangsadagurinn	27.	27	27	27	27	27	27	27	27 "	27
26. Haustlitadagur	28	28	28	28	28	28	28	28	28	28	28
29	29	29	29	29		29	29	29	29	29	29
30	27	30 Tónlistarnámsk.	30	30		30	30	30 Uppstigningardagur	30	30 Sumarleyfi	30
	31		31 Gamlársdagur	31		31		31		31	31
Vínátta	Kærleikur			Hjálpssemi		Virðing		Gleði		Umhyggja	

Hver dyggð á sér 2 mánuði í skóladagatalinu

SSSK (Sjálfstæðir skólar) ráðstefnu- og námskeiðsdagar í mars

Regnboginn og foreldrafélagið standa árlega saman að námskeiði um slysavarnir barna f. starfsfólk og foreldra

Foreldraviðtöl eru skipulögð í námunda við afmæli barnanna og að ósk foreldra og kennara

Tónlistarnámskeið í okt. og nóv. Kennari verður Helga Rut höfundur og stofnandi Tónagulls

Dansnámskeið í jan. og febr., kennari verður Íris Ösk Einarsdóttir í Félagi danskennara.

Heimsókn slökkviliðsins með Glóð og Loga til 4 og 5 ára er árviss á haustin-koma nú 25. sept.

Víkingasveitin er sumardeild elstu barnanna.

Að leggjast í víking merkir að fara víða sjá, nema og forframast

Ekki er lokað á skipulagsdögum en þeir unnir á laugardögum

Einkunnarorð Regnbogans eru: **Börn eru merkilegt fólk**

Ath. að dagsetningar og áætlun geta tekið breytingum!

Gildi Regnbogans eru: **Virðing - Gleði - Umhyggja**



Foreldra- og skólaráð

Starfsárið 2017-2018

15. starfsárið

Gula:

Aðalheiður Rán Prastardóttir / Erik Stefán

Sílakvísl 13, 110 Reykjavík

h.s. 534-8734 7 / gsm. 691-5252 / Netfang: adalheidur.ran@gmail.com

Rakel Ósk Reynisdóttir / Elías Ernir

Hraunbæ 126, 110 Reykjavík

h.s. 445-1546 / gsm. 772-7473 / Netfang: rakelreynis85@gmail.com

Inga Lára Karlsdóttir / Eiður

Bleikjukvísl 8, 110 Reykjavík

h.s. 581-4205 / gsm. 663-4755 / Netfang: inga.lara.karlsdottir@gmail.com

Rauða:

Soffía Grímsdóttir / Steinar Goði

Dísarási 17, 110 Reykjavík

h.s. 517-9810 / gsm. 867-1503 / Netfang: soffiasg@bhs.is

Ástrós Hera Guðfinnsdóttir / Kristófer Jökull

Eyjabakki 26, 109 Reykjavík

h.s. 565-2204 / gsm. 691-2930 / Netfang: astroshera@gmail.com

Ritari

Elsa Kristjánsdóttir / Emelía Dís, Emil Kári og Viktor Elí

Ljósavík 32, 112 Reykjavík

h.s. 445-5897 / gsm. 863-0330 / Netfang: elsakr@gmail.com

Eva Rún Ingimundardóttir / Lára Inga

Árkvörn 2b, 110 Reykjavík

h.s. 588-9949 / gsm. 865-6188 / Netfang: brimklo@gmail.com

Aðalheiður M. Sigmarsdóttir / Sigmar Þór

Vindás 1, 110 Reykjavík

h.s. 484-7980 / gsm. 773-8228 / Netfang: heida.sigmarsd@gmail.com

Græna

Formaður:

Kristinn Kristinsson / Helena Soffía

Sílakvísl 14, 110 Reykjavík

gsm 864-0680 / Netfang: kkristinsson@gmail.com

Gjaldkeri:

Berglind Sigmarsdóttir / Birkir Blær

Hraunbær 87, 110 Reykjavík

s. 568-3350 / gsm. 897-4453 / Netfang: bsigmarsdottir@gmail.com

Anna Kristín Karlsdóttir / Krístrún Lára

Árkvörn 2a, 110 Reykjavík

gsm 694-7241 / Netfang: annakarls82@gmail.com

Regnboginn:

Lovísa Hallgrímsdóttir, leikskólastjóri

Grundartanga 5, 270 Mosfellsbæ.

h.s. 566-7282 / v.s.557-7071 / gsm. 899-2056 / Netfang: regnbogi@regnbogi.is

(eða tilnefndur deildarstjóri í forföllum hans)

Fanney Guðmundsdóttir, aðstoðarskólastjóri

Brúnás 10, 110 Reykjavík

gsm. 696-081 / Netfang: regnbogi@regnbogi.is

Samkvæmt 2. grein laga um leikskóla frá 2008 segir um markmið leikskólastafs

Í leikskólum skal velferð og hagur barna hafður að leiðarljósi í öllu starfi. Veita skal börnum umönnun og menntun, búa þeim hollt og hvetjandi uppeldisumhverfi og örugg náms- og leikskilyrði. Stuðla skal að því að nám fari fram í leik og skapandi starfi þar sem börn njóta fjölbreyttra uppeldiskosta. Starfshættir leikskóla skulu mótast af umburðarlyndi og kærleika, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi, ábyrgð, umhyggju, sáttfýsi, virðingu fyrir manngildi og kristinni arfleifð íslenskrar menningar.

Samkvæmt 11. grein sömu laga segir um hlutverk foreldraráða

Hlutverk foreldraráðs er að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

Umsögn foreldraráðs Regnbogans

Fulltrúar foreldra í stjórn foreldra- og skólaráðs Regnbogans skólaárið 2017-18 hafa kynnt sér skýrslu leikskólastjóra og samantekt þess skólaárs sem nú er á enda og drög að starfsáætlun næsta skólaárs 2018-19.

Skýrslan lýsir mjög vel því fjölbreytta og öfluga starfi sem fer fram í leikskólanum. Fráfarandi leikskólastjóri og núverandi ráðgjafi hefur mikla reynslu, hæfileika og ástríðu til að innleiða faglegt starf. Eins og fram kemur þá tekur Fanneý við starfinu, hún þekkir menningu og starf skólans afar vel. Við í foreldraráðinu þekkjum hana mjög vel, finnum að hún vex vel í starfið og berum fullt traust til hennar í þessari nýju stöðu innan skólans. Leikskólanum helst vel á starfsfólki sem miðlar námsefninu til barnanna af fagmennsku og alúð. Umhverfi barnanna er hvetjandi og áberandi er að börnin eru í góðu jafnvægi til að meðtaka viðfangsefnin, fá tækifæri til að spreyta sig og þroskast af reynslunni.

Gildi leikskólans virðing, gleði og umhyggja er vel framfylgt og kemur skýrt fram í samskiptum og viðmóti starfsfólks við börnin, foreldra og aðstandendur, svo eftir sé tekið.

Fyrir hönd foreldráðs

Kristinn Kristinsson

formaður